

**Ed.**

**341. Nefndarállt**

um frv. til laga um sameiningu ritsímastjóra- og póstmeistarastarfanna á Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir rætt mál þetta við aðalpóstmeistara og sómuleiðis borið það undir ritsímastjóra, og hefir það orðið að samkomulagi, að nefndin bæri fram nýtt frumvarp, í stað þessa frumvarps, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að

sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættin bæði á Akureyri og á Ísafirði, þar sem þetta er talið tiltækilegt af báðum yfirforstjórum þessara embætta.

Ef gert er ráð fyrir, að væntanlegur póstmeistari og stöðvarstjóri á Akureyri fái nú þegar hæstu laun þessa embættis, með dýrtíðaruppbót þeirri, sem nú er, þá ættu að sparast þar á fyrsta ári 2240 kr. og lítið eitt minna árlega, er tímar liða fram, og væntanlega yrði þetta eitthvað svipað, eða þó öllu meira, á Ísafirði, þegar þar yrði af sameiningunni.

Hins vegar er auðsætt, að til þess að sameining þessi geti komist á og haldist við þarf í hvert skifti samkomulag póstmeistara og símastjóra, og því er hentugast að hafa um þetta heimildarlög.

Nefndin vill taka það fram, að hún telur mjög æskilegt, að samsteypa á póstafréttum og stöðvarstjórastarfinu í kaupúnum landsins kæmist á smátt og smátt, en til þess þarf ekki neina lagasetningu.

Eins og ætlast er til í frumvarpinu, byggir nefndin á því, að núverandi stöðvarstjóri á Akureyri taki við póstmeistaraembættinu, ef það embætti losnar, sem sagt er að muni verða bráðlega.

Nefndin ætlast því til, að frumvarp það, sem borið er fram á þskj. 342, komi í stað þessa frumvarps, þar sem það fer í sömu átt, en er að eins víðtækara.

Alþingi, 13. apríl 1923.

Jón Magnússon,  
formaður.

Sigurður H. Kvaran,  
framsögum.

Guðm. Guðfinnsson,  
fundaskrifari.